

Fundargerð

43. stjórnarfundur FHA haldinn 30. janúar, 2013 kl. 9:30

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK), Helgi Gestsson (HG) og Jörundur Guðmundsson frá Félagi Háskólakennara.

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð var samþykkt með fyrirvara um orðalagsbreytingar og lagfæringar á stafsetningarvillum.

2. Kjaramál

Jörundur fjallaði um stöðu mála og hvar væri á döfinni hjá FH á næstu mánuðum. Aðalmálið er að beiðið er eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum um tillögur FH að breyttu launakerfi og spurning hvort það myndi nást á þessu þingi eða hvort bíða þurfi eftir nýrri ríkisstjórn.

Jörundur lýsti vilja til að vinna að sameiningu félaganna og taldi rétt að fara að bera saman bækur. Hjördís mun verða í sambandi við Helgu Birnu, framkvæmdastjóra FH í framhaldinu.

3. Önnur mál:

Umsóknir í námssjóð:

6 umsóknir hafa borist í námssjóð. Umsóknir samþykktar með þeim fyrirvörum að þær uppfylli skilyrði. GKÓ sér um og gengur frá.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 11:00

Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.